

123

15. júlí

AUGLÝSING

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp í Kjósarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905 um byggingarsamþykktir, og lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa, hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp, Kjósarsýslu.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. 1948, B., 167—185).

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1960.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

124

15. júlí

AUGLÝSING

um aðalbrautir og hámarkshraða á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur, Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslu.

Eftirtaldir vegarkafar teljast aðalbrautir og er hámarkshraði á þeim 70 km á klst. með þeim takmörkunum, sem að neðan greinir:

I. Reykjanesbraut:

- A. *Aðalbraut* telst frá Miklartorgi í Reykjavík um Kópavogskaupstað og veg ofan við Hafnarfjörð um Hafnargötu í Keflavík, Faxabraut og Hringbraut að vegamótum Hringbrautar og Reykjanesbrautar vestan við Keflavík. Á vegamótum Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarvegur hjá Engidal hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt, en á vegamótum vegar frá Hafnarfirði og Reykjanesbrautar á Hvaleyrarholti hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt.

B. Hámarkshraði:

Miklartorg—Kópavogslækur	45 km/klst.
Kópavogslækur—Silfurtún	60 —
Silfurtún—vegamót hjá Engidal	45 —
Landshafnarhús í Njarðvík að bæjarmörkum Keflavíkur ..	45 —
Bæjarmörk í Keflavík um Hafnargötu, Faxabraut og Hringbraut að vegamótum Hringbrautar og Reykjanesbrautar	35 —

II. Suðurlandsvegur:

- A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Vesturlandsveg á Ártúnshöfða um Hveragerði og Selfoss að vegamótum Suðurlandsvegur og Gaulverjabæjarvegur. Á vegamótum Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt og á vegamótum Suðurlandsvegur og Eyrarbakkavegur hefur sá fyrarnefndi aðalbrautarrétt.

B. Hámarkshraði:

Vegamót við Vesturlandsveg—Selás	60 km/klst.
Ristarhlið vestan við Selfoss að vegamótum við Gaulverjabæjarveg	35 —